

Íslenskur iðnaður

6-7. tölublað 18. árg.

Júní/Júlí 2012

Samtök iðnaðarins

SI

Vegna sumarleyfa verður skrifstofa SI lokuð 23. júlí til og með 10. ágúst en svarað verður í símann og brugðist við áriðandi erindum. Skrifstofan opnar á ný mánudaginn 13. ágúst

Óskum félagsmönnum og öðrum lesendum Íslensks iðnaðar gleðilegs sumars



Samtök iðnaðarins veita ráðgjöf og aðstoða við innleiðingu gæðastjórnunar, CE merkinga og áfangavottana.

Sjá www.gsi.is

Verne Global valið á lista yfir umhverfisvænustu fyrirtæki heims



Gagnaverið Verne Global var valið eitt af 100 bestu sjálfbærnilausnum til framtíðar á umhverfisráðstefnunni Sustania Ríó +20 sem fram fór í Rio de Janeiro í Brasilíu. Efst á baugi á ráðstefnunni var græna hagkerfið, sjálfbær þróun og útrýming fátæktar.

Listinn er samansettur af einstaklingum, fyrirtækjum og samtökum sem hafa skarað fram úr í sjálfbærri þróun, til að mynda með notkun endurnýjanlegra orkugjafa. Í dómnefndinni sem völdu á listann sátu meðal annars Arnold Schwarzenegger og Gro Harlem Brundtland, fyrrverandi forsætisráðherra Noregs.

Gagnaver Verne Global í Keflavík er að 100% leyti knúð endurnýjanlegum orkugjöfum frá jarðvarma- og vatnsfallsvirkjunum sem losa engan koltvísýring. Þetta gerir fyrirtækjum sem geyma gögn hjá Verne Global kleift að draga úr kostnaði vegna koltvísýringslosunar og byggja upp jákvæðari ímynd um leið.

Gagnaverið er tengt Evrópu og Bandaríkjunum með háhraðatengingum.



bls. 2
Verkmenntun
forsenda velferðar



bls. 3
Góður
hagvöxtur
en ónóg fjárfesting



bls. 5
Svenska
skrárgatíð
tekið upp



bls. 8
Metanól
eldsneyti
framtíðarinnar



Verkmenntun forsenda velferðar

Ekki er ofmælt að miklir möguleikar eru framundan á sviði málm- og véltækni hér á landi. Þessi tæknigrein varð ekki illa úti í kreppunni vegna skorts á verkefnum eins og margar aðrar greinar þurftu að þola. Skýringarinnar er m.a. að leita í því að greinin hefur byggt á áratuga viðhaldsþjónustu við öflug fyrirtæki hér á landi eins og álver, orkuvirki, útgerðir og matvælavinnslu. Þessir ágætu viðskiptavinir hafa að auki kallað eftir nýjum tæknilausnum til að bæta og auka framleiðslu sína. Afrakstur þeirrar samvinnu hefur orðið nýjar vélar og tæki sem bætt hefur framleiðni viðskiptavina málmíðnaðarins og annarra í samskonar rekstri út um víða veröld. Nægir að nefna tæknilausnir í fiskvinnslu, útgerð og nú síðustu árin fyrir álver.

Tæknivædd atvinnugrein

Allt hefur þetta leitt til þess að málm- og véltækniyrirtæki hér á landi hafa tekið stórfelldum tæknilegum framförum og standast mörg þeirra samanburð við samskonar fyrirtæki annars staðar í veröldinni. Ef vélar og tæki sem eru nú notuð eru borin saman við það sem var fyrir 20 til 30 árum er breytingin ótrúleg. Nú sjást víða í málmíðnaðarfyrirtækjum tölvustýrðar vélar og allt það nýjasta sem tæknivæddar þjóðir hafa tileinkað sér. Þar eru iðnaðarmenn sem kunna vel til verka og sækja endurmenntun í samræmi við framvindu tækninnar. Að auki er allt skipulag og umgengni í fyrirtækjum orðin til fyrirmyndar og þau sannarlega áhugaverðir vinnustaðir. Því er eðlilegt að þessi grein flokkist undir það sem nú er oft kallað *skapandi iðngrein*.

Tækifærin til staðar

Með þetta í huga er augljóst að málm- og véltækniíðnaðurinn hefur burði til að taka við stórum hluta þess unga fólks sem sækist eftir áhugaverðum og vel launuðum störfum á komandi árum og áratugum. Áætlað hefur verið að næstu tíu árin bætist um það bil 20 þúsund nýliðar á vinnumarkaðinn. Vitað er að

hvorki sjávarútvegur né landbúnaður þarf á fleira fólki að halda meðal annars vegna tæknivæðingar og takmarkaðra auðlinda. Því er eðlilegt að horft sé til annarra greina. Eitt stendur þó í veginum en það er mikill skortur á faglærðu fólki í stálsmíði, vélvirkjun, rennismíði, málmsuðu, málmsteypu og blikksmíði. Hér er um að tefla tæknistörf þar sem virðisaukning er veruleg en það er forsenda þess að unnt sé að greiða góð laun. Vinnustaðirnir eru nú flestir þrifa-legir og vel skipulagðir og þar er tæknin með öðru nýtt til að hanna og smíða eftirsóttar vélar og tæki sem seljast dýrum dómum hér heima og á alþjóðamarkaði. Sem sagt: allar forsendur eru fyrir hendi en áhugi unga fólksins beinist að öðru námi eins og sakir standa. Því er spurt hvernig á þessu standi?

Verk- og háskólanám lagt að jöfnu

Vakin hefur verið athygli á að þjóðverjar, Finnar og Pólverjar hafa lagt mikla áherslu á iðnnám og telja það algjört grundvallaratriði til að tryggja góð lífskjör. Margar aðrar þjóðir – þar á meðal Íslendingar og þjóðir sunnar í Evrópu – hafa einlægt miðað menntunarstig sitt við hversu margir útskrifast úr háskólum með BA-próf, masterspróf eða doktorspróf. Ástæðulaust er að gera lítið úr þessari menntun en þegar kemur að því að tengja hana og verkmenntun við árangur þjóða við atvinnuuppbyggingu og verðmætasköpun kemur í ljós merkjanlegur munur. Sýnt hefur verið fram á að verkmenntaþjóðirnar nýta þann grunn mjög vel til að efla þá þætti atvinnulífsins sem gefa mest af sér. Þar eru tæknigreinarnar fremstar í flokki, en tilvist þeirra og hæfni byggist á vel menntuðum iðnaðar- og tæknimönnum. Í því liggur galdurinn – ekki flóknara. Þess vegna er full ástæða að efast um þá síblyju að varla sé takandi mark á annarri menntun en háskólamenntun – með fullri virðingu fyrir henni. Sannleikurinn er líka sá að þær þjóðir sem nefndar eru hér að ofan búa jafnframt yfir öflugum háskólum sem standast



Ingólfur Sverrisson
forstöðumaður málm- og véltækni sviðs SI

samskonar skólum í öðrum löndum fullkomlega snúning og jafnvel meira en það. Styrkur þessara þjóða felst í því að þær leggja verknámið að jöfnu við annað nám og uppskera ríkulega.

Hreyfing í málminum

Nokkur árangur hefur náðst með kynningarstarfi í efstu bekkjum grunnskóla og skjáauglýsingum í bíósölum og sjónvarpi. Aðsókn að grunndeildum málmíðna í mörgum framhaldsskólum hefur aukist síðustu tvö árin og ber að fagna því. Jafnframt þarf að tryggja að allir sem fara í grunndeildirnar, sem tekur tvo vetur, haldi áfram í náminu og ljúki sveinsprófum. Einstaka skólar hafa boðið nemendum sínum að hefja námið á því að læra á tölvustýrðar vélar og halda síðan yfir í handverkið eftir því sem líður á náms-tímann. Enn aðrir vinna með hagsmunaaðilum og menntamálaráðuneytinu að því að skilgreina og bjóða styttri námsleiðir, t.d. í stálsmíði og málmsuðu. Einnig standa vonir til að vinnustaðanámssjóður efla þann hluta iðnnámsins sem fram fer í fyrirtækjunum.

Verðmætin koma úr atvinnulífinu

Þannig er unnið að ýmsu til að gera nám í þessum iðngreinum aðgengilegra og eftirsóknarverðara. En betur má ef duga skal því tengja þarf með skilvirkari hætti atvinnustefnu framtíðarinnar því námi og þjálfun sem boðið er í skólunum – bæði hvað varðar gæði og magn. Forgangsroðunin í menntakerfinu verður að taka meira mið af þörfum atvinnulífsins því þaðan koma þau verðmæti sem velferð þjóðarinnar byggir á. Þau koma ekki af himnum ofan.



Hvað er að fréttu?

Samtök iðnaðarins leggja metnað í að birta fréttir af fyrirtækjum innan sinna raða í Íslenskum iðnaði og á vefsetri Samtakanna www.si.is. Hvetjum félagsmenn til að benda okkur á efni eða senda okkur fréttir á netfangið rakel@si.is

Góður hagvöxtur en ónóg fjárfesting

Hagvöxtur á fyrsta ársfjórðungi mældist 4,5% sem er mesti vöxtur landsframleiðslunnar á einum ársfjórðungi frá því fyrir efnahagshrun. Er þá miðað við breytingu miðað við sama ársfjórðung árið á undan að teknu tilliti til verðbólgu. Vöxtur einkaneyslunnar er 4,2% á þennan mælikvarða, fjárfesting jókst um 9,3% og þjóðarútgjöld um 3,9% milli ára. Útflutningur jókst um rúmlega 4% en á móti kemur að innflutningur jókst um 3%.

Ef eingöngu er horft á breytingar milli 4. ársfjórðungs 2011 og 1. ársfjórðungs 2012 jókst landsframleiðsla 2,4% að raungildi. Á sama tíma jukust þjóðarútgjöld um 3,4%, sem skýrist að mestu af mikilli aukningu birgða. Einkaneyslan jókst um 0,3% og samneyslan um 0,4%. Fjárfestingin dróst hins vegar saman um 18,6%. Útflutningur dróst saman um 5,6% og innflutningur um 5,2% á sama tímabili. Þessar tölur eru árstíðaleiðréttar og miðast við vöxt milli ársfjórðunga, ekki ára.

Lítill fjárfesting

Fjárfesting í heild sinni jókst um 9,3% milli ára en dróst saman um 18,6% milli ársfjórðunga. Vöxt milli ára má einkum rekja til einkaaðila enda var samdráttur í opinberum fjárfestingum upp á 6,5%. Íbúðafjárfesting jókst um 7% en atvinnuvegafjárfesting um 12,9%.


Þótt vöxtur fjárfestingar sé viðunandi er hlutfall fjárfestinga enn mjög lágt í sögulegu samhengi. Árið 2011 var þetta hlutfall 14,1% en á fyrsta ársfjórðungi þessa árs aðeins 12,4%. Til að viðhalda eðlilegri endurnýjun framleiðslutækja og treysta framleiðslugetu hagkerfisins til lengri tíma litið þarf þetta hlutfall að hækka í a.m.k. 20%.

Einkaneysludrifinn hagvöxtur

Myndarlegur hagvöxtur er öðru fremur drifinn áfram af aukinni einkaneyslu. Athyglisvert er að einkaneyslan jókst umtalsvert jafnvel þótt gengi krónunnar hafi verið að veikjast nokkuð á þessu tímabili. Einnig jókst innflutningur á sama tíma. Þessi þróun er öfug m.v. það sem venjulega gerist þegar krónan veikist sbr. gífurlegan samdrátt einkaneyslu og innflutnings í kringum efnahagshrunið. Líklegt er að þessi þróun skýrist af miklum launahækkunum og margvíslegum sértækum aðgerðum. Einnig má telja víst að nokkur uppsöfnuð einkaneysluþörf hafi myndast á árunum 2009-2011.

Hagvöxtur 2008-2012

ársbreyting eftir ársfjórðungum í %



Sterk staða í alþjóðlegum samanburði

Hagvöxtur á Íslandi er góður í alþjóðlegum samanburði en það eru ekki mörg ríki í kringum okkur sem geta státað af viðlíka vexti á fyrsta fjórðungi ársins. Meðal ESB ríkja eru það aðeins Lettland og Litháen sem uxu hraðar á þessu tímabili en á fyrsta ársfjórðungi þar var 5,5% og 4,4% samanborið við 4,2% á Íslandi. Að jafnaði var vöxturinn í ríkjum ESB aðeins 0,7% á þessu tímabili. Norvegur, Eistland og Pólland eru að vaxa í svipuðum takti og Ísland en í öðrum Evrópuríkjum er vöxturinn mun minni. Þannig var hagvöxtur í kringum 1,5% í Finnlandi, Ungverjalandi og Svíþjóð. Í stærsta hagkerfi innan ESB, Þýskalandi, hagvöxtur 1,2% á tímabilinu. Í Austurríki, Belgíu og Danmörku var 0,4% vöxtur en í Bretlandi, Spáni, Portúgal, Ítalíu og Grikklandi var umtalsverður samdráttur.

Ágætar horfur

Flestar hagspár gera ráð fyrir að þokklegur hagvöxtur verði á þessu ári eða á bilinu 2,5-3,1%. Hagvaxtatölur á fyrsta ársfjórðungi styðja við þá spá. Vöxturinn verður áfram drifinn af einkaneyslu en horfur í útflutningi eru einnig þokkalegar. Hins vegar getur það haft mjög neikvæð áhrif hér á landi ef fjármálakreppan í Evrópu eykst enn frekar. Búast má við ágætum vexti í íbúðafjárfestingum enda ljóst að umtalsverð þörf er á nýju húsnæði á næstu misserum. Staðan á vinnumarkaði hefur batnað verulega og atvinnuleysi minnkað mikið, m.a. vegna sértækra átaksverkefna. Batinn á vinnumarkaði kemur enn ekki fram í mikilli fjölgun starfandi heldur einkum í auknum meðalvinnutíma. Hins vegar hafa verðbólguhorfur versnað nokkuð síðustu mánuði og líklegt að vextir muni hækka nokkuð á árinu.

Hvatning til neyslu á hollu brauði

Landssamband bakameistara og Hjartavernd hafa gert með sér samkomulag um að hvetja til heilsusamlegri brauðneyslu þjóðarinnar. Markmiðið er að vekja athygli almennings á hollustu heilkornabrauða og mikilvægi þess að minnka salt- og sykurneyslu. Samkomulagið felur í sér að frá og með 1. september munu félagsmenn LABAK hafa á boðstólum svokallað hjartabrauð sem er alfarið bakað úr heilmöluðu korni og inniheldur hátt hlutfall trefja en lágt hlutfall salts, sykurs og fitu.

Brauðið verður sérstaklega merkt með kennimerki Hjartaverndar og allt



kynningarefni um brauðið verður yfirfarið og staðfest af sérfræðingum Hjartaverndar.

Hjartavernd fær í sinn hlut 30 kr. af hverju brauði sem varið verður til kaupa á nýju ómtæki.



Ávinningur af notkun gæða- og ferlastjórnunar í mannvirkjagerð metinn með kviku kerfislíkani

Anna Hulda Ólafsdóttir vinnur að doktorsverkefni við HÍ um gæðastjórnun. Markmið verkefnisins er að þróa orsakalykkjurit af þeim áhrifum sem gæða- og ferlastjórnunar hefur á mannvirkjagerð og í kjölfarið setja fram kvíkt kerfislíkan til að varpa ljósi á þær lykildreytur gæða- og ferlastjórnunar sem hafa veigamestu fjárhagslegu áhrifin fyrir bæði verkkaupa og verktaka. Með því er hugsanlega hægt að beina stjórnendum fyrirtækja frá skammtímalausnum sem gjarnan leiða til langtímakostnaðar eins og líklegt er að niðurskurður í gæða- og ferlastjórnun sé.

Mannvirkjagerð og gæðastjórnun

Krafa samfélagsins í garð verktaka um vönduð vinnubrögð og skilvirkari stjórnun er vaxandi og með nýjum mannvirkjalögum er gerð krafa um að aðilar innan mannvirkjagerðar séu búnir að innleiða gæðastjórnunarkerfi fyrir árið 2015.

Er fjárhagslegur ávinningur óskhyggja eða staðreynd?

Anna Hulda segir að þrátt fyrir að margir fræðimenn séu þeirrar skoðunar að með virku gæðastjórnunarkerfi sé hægt að ná fram fjárhagslegum ávinningi, hafi reynt erfitt að finna sannanir fyrir því að innleiðing gæðastjórnunarkerfis hafi í för með sér beinan fjárhagslegan ávinning fyrir fyrirtæki. „Það er von mín að niðurstöður rannsóknarinnar leiði betur í ljós hvort fjárhagslegur ávinningur sé með virku gæðastjórnunarkerfi.“

Aðferðafræði kvíkra kerfislíkana

Aðferðafræðin er öflugt tæki sem auðveldar mat á flóknum viðfangsefnum, sem fela oft og tíðum í sér seinkanir á svörun auk ólínuleika. Hún tengir saman orsök og afleiðingu á myndrænan hátt sem er svo notuð sem undirstaða í hermílíkani.

Vinnusmiðjur

Til þess að fá sem réttasta mynd af þeim orsakatengslum sem tengjast kerfinu valdi Anna Hulda þá nálgun að halda 2-3 vinnusmiðjur með það að markmiði að ná fram sameiginlegum skilningi hagsmunaaðila á því hvernig kerfið virkar.

„Nú er tveimur vinnusmiðjum lokið og ég er afar þakklát fyrir frábæra vinnu sem þátttakendur lögðu til. Markmiðið er að niðurstöður rannsóknarinnar gefi skýrari mynd af raunverulegum ávinningi þess að verktakar starfi eftir gæðastjórnunarkerfi og leggi þannig lóð sitt á vogarskálur aukinna gæða mannvirkja á Íslandi,“ segir Anna Hulda.

Anna Hulda Ólafsdóttir hefur lokið B.Sc. og M.Sc. prófi við verkfræðideild HÍ og vinnur nú að doktorsverkefni við sama skóla. Doktorsverkefni Önnu, er framhald af meistaraverkefni hennar og fjármagnað af Rannsóknarstofu stjórnvísinda hjá verkfræðistofnun HÍ. Verkefnið er unnið undir leiðsögn Gunnars Stefánssonar dósentis við iðnaðarverkfræði, vélaverkfræði og tölvunarfræðideild HÍ, Helga Þórs Ingasonar, dósentis við tækni- og verkfræðideild HR og Haralds Sverdrup, prófessor svið efnaverkfræðideild og yfirmann yfir kviku kerfisfræðiteymi við Háskólann í Lundi.

Nánar má lesa um vinnusmiðjurnar og verkefnið á: www.gskmannvirkjagerd.net



Matís blæs til sóknar á Vestfjörðum

Matís leggst á árárnar með heimamönnum beggja vegna Breiðafjarðar og hefur blásið til sóknar í matavælaframleiðslu og tengdum greinum á svæðinu. Liður í þeirri sókn er ráðning tveggja starfsmanna á Patreksfirði en þeir bætast í hóp þeirra tveggja sem nýlega voru ráðnir til starfa á Grundarfirði á Snæfellsnesi. Starfsmennirnir fjórir munu starfa í nánu samstarfi sín á milli og við aðra starfsmenn Matís, um allt land.

Um all langt skeið hefur Matís litið til tækifæra á sunnanverðum Vestfjörðum enda eru þar sem annarsstaðar í nágrenni Breiðafjarðar miklir möguleikar á aukinni verðmætasköpun tengd matvælum.

Mikil tækifæri felast á svæðinu

Sjávarútvegur er lykilatvinnugrein í stöðugri þróun en auk þess liggja sóknarfæri í uppbyggingu fiskeldis og nýtingu annarra hráefna á svæðinu. Á sunnanverðum Vestfjörðum er mikil gróska í fiskeldi og kröftug uppbygging á því sviði. Starfsemi Matís mun styðja við nauðsynlega rannsóknar- og þróunaruppbyggingu í tengslum við fiskeldi, en horft er til þess að þjónusta við eldistengda starfsemi verði eitt helsta viðfangsefni starfsmanna Matís á svæðinu. Þar sem stærsti kostnaðarliður fiskeldis liggur í fóðri og fóðrun er ekki hvað síst horft til þróunar er lýtur að lágmarkun fóðurkostnaðar.

Matís mun vinna með fyrirtækjum, sveitastjórnnum og einstaklingum á svæðinu sem munu geta nýtt sér sérfræðipækkingu Matís til uppbyggingar sinnar eigin starfsemi. Starfsemi Matís við Breiðafjörð byggir á traustu og öflugum samstarfi við heimamenn enda hafa þeir haft frumkvæði að þeirri uppbyggingu sem Matís ræðst nú í.

Nýjar norrænar næringarráðleggingar



Nýlega var haldin hér á landi fjölmenn norræn næringarráðstefna. Þar voru m.a. kynntar tillögur að nýjum norrænum næringarráðleggingum. Fjöldi vísindamanna hefur skoðað bestu fáanlega vísindabekkingu á tengslum mataræðis og sjúkdóma en telja ekki ástæðu til róttækra breytinga frá núgildandi ráðleggingum. Þó verður í nýju ráðleggingunum lögð meiri áhersla á almennt mataræði og hvaða matarvenjur hafa almenn jákvæð áhrif á heilsu frekar en að ráðleggja um neyslu einstakra næringarefna. Það skiptir máli hvaðan næringarefni koma, best er að fá þau úr fjölbreyttum mat fremur en úr bætiefnablöndum.

Samkvæmt norrænu ráðleggingunum getur fjölbreytt fæði, sem er ríkt af ávöxtum, grænmeti, trefjaríku korni,

fiski, jurtaolíum og inniheldur fitulitlar mjólkurafurðir og takmarkað salt, ásamt hæfilegri hreyfingu, dregið úr hættu á fæðutengdum sjúkdómum. Á hinn bóginn er mælt er með því að takmarka neyslu á orkuríkum matvælum á borð við sæta drykki, sælgæti, sætabrauð, hvítt hveiti og harða fitu, sem innihelda mikla orku en takmarkað magn af nauðsynlegum næringarefnum.

Í nýju tillögunum er ekki lögð áhersla á magn kolvetna og fitu í fæði heldur hvers konar kolvetni og fita eru valin og að sjálfsögðu að gæta hófs til að halda þyngdinni í skefjum. Mikil áhersla er lögð á neyslu heilkorns, ekki aðeins vegna trefjainnihalds þess, heldur inniheldur heilkorn einnig mikinn fjölda vítamína steinefna og annarra hollefna. Neytendur eru því hvattir til velja frekar heilkornavörur en vörur úr hvítu hveiti og sömuleiðis að velja jurtaolíur frekar en harða fitu. Lagt er til að neysla verði aukin á D-vítamíni og selen.

Tillögurnar verða til umsagnar á sérstökum vef, www.nnr5.org fram á haustið og er öllum heimilt að koma með ábendingar. Að umsagnartíma liðnum verða tillögurnar lagðar fyrir Norrænu ráðherranefndina til samþykktar.



Sænska skráargatið verður tekið upp á Íslandi

Alþingi samþykkti nýlega lög sem heimila að settar verði reglur um merkingu matvæla með sérstöku hollustumerki. Í framhaldi af því hefur sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra veitt samþykki fyrir upptöku sænska skráargatsins hér á landi. Margir kannast við sænska skráargatið sem er grænt að lit en getur líka verið svart ef umbúðir eru svarthvítar. Sænska skráargatið nær til tiltekinnna vöruflokka og gefur til kynna að vara sem ber merkið sé góður valkostur innan síns vöruflokks. Kröfur til vara sem mega nota skráargatið eru fyrst og fremst að þær innihaldi hátt hlutfall trefja og lágt innihald fitu, salts og sykurs.

Áður en merkið verður formlega tekið í notkun á eftir að gefa út íslenska reglugerð með kröfum sem eru gerðar fyrir notkun merkisins og fá heimild frá sænskum yfirvöldum fyrir aðild að samstarfi um notkun þess. Norðmenn og Danir eru aðilar að samstarfinu. Nú þegar eru hér á markaði nokkrar vörutegundir sem bera græna skráargatið.

Vistvæn nýsköpun matvæla



Nýsköpun er lífsspursmál fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki. Fyrirtæki hafa ýmsar leiðir til að stunda nýsköpun en í sumum tilvikum hafa fyrirtæki ekki á að skipa sérhæfðu starfsfólki sem getur haldið utan um slík verkefni. Ein leið til að koma af stað nýsköpunarverkefnum er að bjóða nemendum aðstöðu til að vinna skólaverkefni. Þá er hægt að skilgreina verkefnið þannig að báðir aðilar hafi hag af.

Nýsköpunarmiðstöð Íslands, Matís og ríkisháskólarnir standa fyrir námskeiði næsta vetur sem hefur það að markmiði að þróa umhverfisvæna matvöru í þverfaglegum hópi námsmanna þar sem aðferðum hönnunar er beitt út í gegn um allt þróunarferlið. Í lok námskeiðsins er efnt til keppni þar sem hóparnir keppa til verðlauna sín á milli og sigurliðið fær tækifæri til að taka þátt í Evrópukeppni síðar á árinu. Eitt af markmiðum námskeiðsins og keppinnar er að laða nemendur að matvælasviðinu, samhliða því að þróa umhverfismeðvitund og frumkvöðlahugsun í framtíðarvinnuafli fyrir íslenskt atvinnulíf. Íslenskum matvælaframtækjum býðst að taka að sér verkefnishóp og veita aðstöðu og ráðgjöf til að vinna að verkefni sem skilgreint er í samstarfi fyrirtækisins og nemendanna. Fyrirtæki eru hvött til að hafa samband við Fanneyju Frisbæk á Nýsköpunarmiðstöð Íslands og Guðjón Þorkelsson á Matís til að koma hugmyndum sínum á framfæri.

Matís er að fara af stað með meistaranám í matvælafræði sem einnig veitir fyrirtækjum tækifæri til að vinna með nemendum að skilgreindum verkefnum.



Kristjánbakarí fagnar 100 ára afmæli

Brauðgerð Kr. Jónssonar & Co. hélt upp á 100 ára afmæli sitt 12. júní. Bakaríð hefur verið í eigu sömu fjölskyldunnar allt frá stofnun og er næstelsta fjölskyldufyrirtæki landsins. Stofnandi bakarísins var Kristján Jónsson, bakarameistari. Hann rak bakaríð til ársins 1958 en þá tók sonur hans, Snorri Kristjánsson við rekstrinum. Núverandi eigendur eru tveir synir Snorra, bakarameistararnir Birgir og Kjartan Snorrasynir. Lengi framan af var bakaríð rekið á heimili Kristjáns að Strandgötu 41 á Akureyri en árið 1977 var tekin fyrsta skóflustunga að núverandi húsnæði fyrirtækisins við Hrísalund. Miklar breytingar hafa orðið á rekstrinum á þeim 100 árum sem fyrirtækið hefur starfað og hagsveiflur sett svip sinn á reksturinn.

Sem dæmi má nefna að árið 1918 þurfti að loka bakaríinu í 11 mánuði vegna þess að ekki fengust kol til að hita ofninn. Með tilkomu rafmagns breyttist allt til batnaðar og hægt að auka afköstin með vélvæðingu. Bræðurnir eru stoltir af að hafa staðið af sér hagsveiflur og verðbólgu tímabil og hafa haldið sömu kennitölu frá upphafi. Þeir horfa björtum augum til framtíðar þrátt fyrir yfirstandandi efnahagslægd.

Menntun og fræðsla Styrkir til vinnustaðanáms eða starfsþjálfunar haustið 2012

Mennta- og menningarmálaráðuneytið auglýsir eftir umsóknum um styrki til fyrirtækja eða stofnana sem taka nemendur í vinnustaðanáms. Markmið styrkjanna er að hvetja fyrirtæki eða stofnanir til þess að taka við nemendum sem stunda vinnustaðanáms sem hluta af námi á framhaldsskólastigi og gera þeim kleift að ljúka tilskildu vinnustaðanámi samkvæmt aðalnámskrá framhaldsskóla.

Umsækjendur skulu uppfylla almenn skilyrði gildandi reglugerðar um náms-samninga og starfsþjálfun um hæfi til þess að annast nemendur í starfsnámi. Þeir skulu hafa á að skipa hæfum tilsjónaraðila með náminu og leggja fram áætlun um vinnustaðanámið og fyrirjáanlega framvindu þess.

Styrkir geta numið allt að 20 þús. kr. á viku og eru veittir til 24 vikna að hámarki. Styrkur er greiddur eftir því sem námi vindur fram. Umsóknum er skilað á sérstöku eyðublaði. Umsókn skal fylgja yfirlit um framvindu vinnustaðanáms eða starfsþjálfunar. Nánari upplýsingar veitir Ólafur Grétar Kristjánsson, tölvupóstur, olafur.g.kristjansson@mrn.is

**Umsóknarfrestur
er til 10. ágúst nk.**

Tækifæri í tölvuleikum



Á meðan iðnaður í heiminum hefur víðast tekið á sig högg vegna vandræða í heimsbúskapnum hefur umfang tölvuleikjageirans ekki gert annað en að vaxa. Þetta kemur fram hjá greiningardeild Arionbanka Verðmæti leikjaiðnaðarins á heimsvísu var rétt innan við USD 60 milljarðar árið 2011, andvirði meira en 7.100 milljarða króna, eða tæplega fimmfaldrar landsframleiðslu Íslands. Þótt hægt hafi á vexti geirans eftir árið 2008 er engu að síður gert ráð fyrir að hann muni áfram vaxa mun hraðar en heimsbúskapurinn í heild næstu árin. Í Global entertainment and media outlook frá PriceWaterhouseCoopers er um 7,2% árlegum vexti spáð til ársins 2016, þegar verðmæti iðnaðarins verður orðið USD 83 milljarðar. Tölvuleikir verða þar með vaxtarbroddurinn í skemmtanaiðnaðinum í nánustu framtíð.



Hlutverk og ábyrgð byggingarstjóra samkvæmt nýjum mannvirkjalögum!

Í nýjum mannvirkjalögum og byggingarreglugerð er lögð rík áhersla á ábyrgð eiganda mannvirkis og hlutverk byggingarstjóra í hans þágu.

Í byggingarreglugerð gr. 4.7.1 stendur: „Byggingarstjóri er faglegur fulltrúi eiganda við mannvirkjagerð og starfar í umboði hans samkvæmt skriflegum ráðningar- eða verksamningi við eiganda. Byggingarstjóri skal gæta réttmætra hagsmuna eiganda gagnvart byggingaryfirvöldum, hönnuðum, iðnmeisturum og öðrum sem að mannvirkjagerðinni koma.

Byggingarstjóri mannvirkis annast innra eftirlit eiganda frá því að byggingarleyfi er gefið út og þar til lokaúttekt hefur farið fram.“

Útilokað er að almennur húsbyggjandi geti staðið einn og óstuddur undir þeirri ábyrgð sem á hann er lögð í lögnum. Þess vegna krefjast lögin þess að eigandi ráði hönnunarstjóra og byggingarstjóra til að vera sér til halds og trausts við hönnun og byggingu mannvirkisins. Mikilvægt er fyrir eiganda að finna dugmikinn, samviskusaman og reynslumikinn aðila til að sinna hlutverki byggingarstjóra, enda er ábyrgðin mikil.

Stórt hlutverk, mikil ábyrgð

Meðal þess sem er á ábyrgð eiganda

er allt faglegt innra eftirlit með verkinu, innkaupum, öryggismálum og samskiptum við fagaðila sem byggingarstjóri sinnir sem óháður aðili fyrir hans hönd. Þar á meðal má telja:

- Öryggismál, samkvæmt reglum 547/1996 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggisráðstafanir á byggingarstöðum og við aðra tímabundna mannvirkjagerð.
- Eftirlit með innkaupum á byggingarvörum allra verktaka og iðnmeistara sem að verkinu koma.
- Að meta vottanir og umsagnir um byggingarvörur og byggingareiningar.
- Fylgja eftir áætlun um gæðastýringu verktaka og iðnmeistara.
- Að unnið sé samkvæmt verklýsingum og teikningum.
- Að farið sé að lögum og reglum.
- Annast samskipti við hönnuði og opinbera eftirlitsaðila.
- Gera samning um gæðastjórnun við iðnmeistara.
- Skjal festa framvindu verksins og stýra skrám.

Eins og þessi lauslega upptalning gefur til kynna er hlutverk byggingarstjóra fjölbætt og vandasamt.




Ferdinand Hansen
verkefnastjóri gæðastjórnunar SI

Misskilningur

Af framanrituðu leiðir að hlutverk byggingarstjóra er eftirlitshlutverk en ekki stjórnunarhlutverk og er sambærilegt hlutverki umsýjarmanns verkkaupa eins og það er skilgreint samkvæmt IST 30:2012, kafla 4.

Því skýtur það skökku við þegar opinberir verkkaupar krefjast þess í útboðum að verktaki útvegi eða sé sjálfur byggingarstjóri, sem þar með annast eftirlit með eigin verkum.

Mikilvægt er, hvort sem um er að ræða opinbera- eða einkaframkvæmdir, að í hlutverk byggingarstjóra veljist aðili óháður verktökum, hönnuðum eða opinberu eftirliti og að hann búi jafnframt yfir mikilli faglegri þekkingu ásamt metnaði til að gegna hlutverkinu sem honum ber að sinna fyrir hönd eiganda samkvæmt lagalegri ábyrgð sem byggingarstjóri.



Glerverksmiðjan Samverk á Hellu hefur fengið leyfi til að CE merkja framleiðslu sína

Krafan um CE merkingu er að tiltekna vörur, það er vörur sem vegna galla eða rangrar notkunar geta valdið samborgurunum eða umhverfinu „heilsutjóni“ eiga að vera CE merktar. CE merkið er staðfesting á að tæknilysingar sem fylgja vörunni séu réttar til þess að koma í veg fyrir ranga notkun.

Ragnar Pálsson, framkvæmdastjóri Samverks segir CE merkingu framleiðsluvara hafa tvíþætta merkingu fyrir fyrirtækið. Annars vegar að uppfylla opinberar kröfur til byggingavara á markaði og hins vegar að styrkja og efla það gæðaeftirlit og kröfur sem hafa verið við lýði um árabíl hjá Samverk. „Með CE merkingu vara á viðskiptavinur að hafa aðgang að nauðsynlegum upplýsingum um eiginleika vörunnar og getur því gert raunhæfan samanburð á milli mismunandi vara. Við tókum upp CE merkingu framleiðsluvara í upphafi ársins 2012 en höfum notað CE merkt hráefni í mörg ár í okkar framleiðslu“ segir Ragnar.

Það fylgir því töluverð vinna og kostnaður að undirbúa fyrirtæki undir að geta CE merkt vöruna sína. En til að fá leyfi til þess að CE merkja vörur þarf fyrirtækið að uppfylla kröfur í tilteknum stöðlum og vera með markvissa framleiðslustjórnun og eftirlit.

Samtök iðnaðarins voru Samverki innan handar við undirbúninginn og fagna að þessum áfanga hafi verið náð. „Við höfum hvatt byggingarvöruframleiðendur til að uppfylla lög og reglur hvað þetta varðar og þess vegna gæti þessi árangur Samverks verið öðrum hvatning“ segir Ferdinand Hansen, verkefnastjóri gæðastjórnunar hjá SI.

Metanól eldsneyti fram tíðar

Metanól sem eldsneyti fram tíðarinnar var umfjöllunarefni fundar sem haldinn var föstudaginn 29. júní af Carbon Recycling International, CRI, í samstarfi við Samtök iðnaðarins. Orri Hauksson, framkvæmdastjóri SI opnaði fundinn. Surya Prakash, prófessor í efnafræði við University of Southern California, forstöðumaður Loker Kolefnisstofnunarinnar og höfundur bókarinnar Metanólhagkerfið fjallaði um metanól sem eldsneyti fram tíðarinnar. Þá ræddi prófessor Kuiling Ding, sem er framkvæmdastjóri Shanghai stofnunarinnar í Lífrænni efnafræði og forstöðumaður Vísindar-akademíunnar í Shanghai um rannsóknir á aðferðum til að nýta koltvísýring sem hráefni til framleiðslu í efnafræði.

Benedikt Stefánsson framkvæmdastjóri viðskiptaþróunar Carbon Recycling International fjallaði um starfsemi CRI og kynnti ræðumenn og samstarf þeirra við fyrirtækið.

Prófessor Kuiling Ding var einn fjögurra í sendinefnd kínverskra vísindamanna sem heimsótti CRI, en þeir tengjast allir kínversku Vísindaakademíunni í Shanghai. Fyrir kínversku sendinefndinni fór prófessor Chunli Bai, forseti kínversku



Fjöldmenni var á fundinum

Vísindaakademíunnar, en hann er þekktur vísindamaður á sviði rafeindasmásjártækni og heiðursfélagi í bandarísku Vísindaakademíunni (NAS), rússnesku Vísindaakademíunni, bresku Efnafræðiakademíunni og indversku Vísindaakademíunni. Auk þeirra voru í sendinefndinni Long Lu prófessor við akademíuna og Qiang Fan aðstoðarframkvæmdastjóri alþjóðasamskipta við sömu stofnun.

Tilgangur heimsóknar kínversku gestanna var að kynna sér starfsemi CRI. Skoðuðu þeir verksmiðju fyrirtækisins í Svartsengi þar sem koltvísýringur sem losaður er frá jarðvarmavirkjun HS Orku er endurunninn til framleiðslu endurnýjanlegs metanóls til nota til íblöndunar í bensín á bifreiðar.

Verksmiðja CRI í Svartsengi

Metanólverksmiðja Carbon Recycling International, CRI ehf., hóf starfsemi í

apríl en verksmiðjan er í námunda við jarðvarmavirkjun HS Orku í Svartsengi á Reykjaneseskaga.

Tilraunaframleiðsla í verksmiðjunni hófst í nóvember 2011 og var unnið að endurbótum á verksmiðjunni fyrstu mánuðina. Framleiðslugeta verksmiðjunnar nú er um tvær milljónir lítra á ári af metanóli, sem er fljótandi eldsneyti fyrir ökutæki, miðað við núverandi vetnisframleiðslu verksmiðjunnar. Með fjölgun rafgreina sem búa til vetni mun framleiðslugetan aukast upp í 5 milljónir lítra á ári.

Við metanólframleiðsluna er vetni blandað út í koltvísýring sem unninn er úr jarðgufu sem streymir frá jarðvarmavirkjun HS Orku. Með samruna vetnis og koltvísýrings verður til metanól, en með því að nýta gufu frá jarðvarmavirkjuninni er dregið úr útblæstri gróðurhúsalofttegunda út í andrúmsloftið. Metanólið er að mestu selt á erlenda markaði, en er einnig blandað við bensín og selt á innanlandsmarkaði. Þá er CRI metanól notað allt að 15% á móti hverjum framleiddum lítra af lífdísel innanlands og í aðra efnaframleiðslu.



Á myndinni eru f.v.: Surya Prakash prófessor við Háskólann í Suður-Kaliforníu, Robert Aniszfeld, framkvæmdastjóri Loker kolefnisstofnunarinnar, Kuiling Ding prófessor, Chun-Li Bai forseti kínversku Vísindaakademíunnar, Long Lu prófessor, Qiang Fan, aðstoðarframkvæmdastjóri alþjóðasamskipta forseti kínversku Vísindaakademíunnar og Ómar Sigurbjörnsson framkvæmdastjóri rannsókna hjá CRI

Íslenskur iðnaður

Fréttablað Samtaka iðnaðarins
6.-7. tbl. 18. árg. Júní/Júlí 2012
ISSN 1022-7741

För í prentsmiðju: 5.7.2012
Prentvinnsla: Prenttækni hf.
Plastpökkun: Bjarkarás
Ljósmyndir: Odd Stefán, bls. 4 Stefán H. Valsson
Útgefandi: Samtök iðnaðarins, Borgartúni 35,
105 Reykjavík, sími: 591 0100, fax: 591 0101

Kennitala: 511093-2019
www.si.is, netfang: ritstjorn@si.is
Ábyrgðarmaður: Orri Hauksson
Ritstjóri: Rákel Pálsdóttir
Umbrot: Þóra Ólafsdóttir

Fjölmiðlum er frjálst að nota rit að efni úr Íslenskum iðnaði í heild sinni eða að hluta. Fjölmiðlamenn eru vinsamlegast beðnir að geta heimildar í slíkum tilvikum.

SI höfðar mál fyrir hönd félagsmanna gegn Lýsingu og Landsbankanum

Yfir eitt hundrad manns mættu á opinn fund SA, SI og SVP um fjármögnunarsamninga fyrirtækja sem fram fór á Grand Hótel Reykjavík. Þar var rætt um þá réttaróvissu sem skapast hefur í kjölfar nýlegra dóma og útreikning vaxta af erlendum lánum, sem dæmd hafa verið ólögleg. Þorsteinn Einarsson hrl. fjallaði um Lýsingardóminn og for-dæmisgildi hans, Einar Hugi Bjarnason hrl. fjallaði um vexti ólöglegra erlendra lána og Hjördís D. Vilhjálmsdóttir, framkvæmdastjóri hjá Landsbankanum svaraði fyrirspurnum fundargesta.

Tilgangur fundarins var að skýra þá óvissu sem fjölmörg fyrirtæki eru í vegna fjármögnunarsamninga. Orrí Hauksson, framkvæmdastjóri SI stýrði fundinum. Hann sagði fundarboðendur hafa leitað leiða til þess að einfalda og hraða málum svo að hægt væri að ná niðurstöðu sem fyrst.

Varðandi vaxtaútreikning ólöglegra lána er staðan flókin og í máli Þorsteins og Einars Huga kom fram að fjölmörg dómsmál þurfi til viðbótar til að leysa úr ýmsum álitamálum og líklega þurfi hver og einn að láta reyna á réttarstöðu sína fyrir dómi þar sem dómur hafi til þessa verið misvísandi. Í máli þeirra kom fram að það gæti tekið langan tíma en vonir standa til að þau prófmál sem verða sett



í forgang verði afgreidd af hæstarétti ekki síðar en vorið 2013. Það gæti þó dregist enn frekar og mál sem verða fjármögnunarsamninga eru ekki í forgangi hjá dómstólunum.

Á fundinum fór Einar Hugi einnig yfir samstarf lánveitanda og fulltrúa lántakenda um úrvinnslu gengistryggðra lána en því er nú lokið. Í fréttatilkynningu frá SFF og umboðsmanni skuldara kemur fram að búíð er að velja ellefu prófmál þar sem mun reyna á tuttugu álitafni sem þarf að fá úr skorið fyrir dómstólum. Af þessum málum tengjast sex lánum einstaklinga og fimm lánum lögaðila. Þau mál sem ekki verða þingfest nú í júní verða þingfest strax að loknu réttarhléi.

Formlega hefur verið óskað eftir flýti-meðferð fyrir þessi mál hjá héraðsdómi Reykjavíkur og vonast er til að dómur verði uppkveðin fyrir áramót.

Stjórn Samtaka iðnaðarins hefur ákveðið að styðja nokkra félagsmenn til að höfða mál bæði gegn Lýsingu og Landsbankanum (SP fjármögnun). Valin hafa verið nokkur tilvik sem gefa góða speglun af lánasafni venjulegra íslenskra fyrirtækja sem fjármögnuðu sig með fjármögnunarleigusamningum hjá þessum tveimur fjármálafyrirtækjum. Verður stefnt í öllum þessum málum strax að loknu réttarhléi í sumarlok.

LEIÐIR TIL AÐ LAGA AÐ HÆFILEIKARÍKT OG ÁHUGASAMT FÓLK Í TÆKNI- OG HUGVERKAGEIRANN

SUT stóð fyrir þriðja morgunverðarfundinum í fundarröð tækni- og hugverkaiðnaðarins innan SI 25. maí.

Hilmar Veigar Pétursson formaður SUT og forstjóri CCP opnaði fundinn með umfjölluninni „Hvert ætlum við að stefna“ og þar komu fram áhyggjur af þróun mála og flótta fyrirtækja úr landi. Áhyggjurnar snúa m.a. að því að stjórnvöld hafi ekki fullan skilning á því hvar hagvaxtartækifæri þjóðarinnar liggja, háskólarnir séu undirfjármagnaðir og stuðnings- og hvatakerfið fyrirtækja ekki samkeppnishæft.

Katrín Dóra Þorsteinsdóttir forstöðumaður hugverkaiðnaðar og mannaúðs hjá SI fór yfir tölfraði en aðsókn nemenda í tækni- og raunvísindanámi hefur dregist saman frá árunum 2000-2001 en er þó aðeins á uppleið aftur. Verið er að vinna að nokkrum áhugaverðum verkefnum innan SI með það að markmiði



að hvetja ungt fólk á öllum skólastigum til að kynna sér og sækja nám innan tækni og raunvísinda enda eftirspurn eftir sérfræðipækningu á þessum sviðum út um allan heim.

Jón Ingi Björnsson framkvæmdastjóri Trackwell, Sandra Björg Axelsdóttir hjá Nýherja og Albert Arnarsson hjá Marel deildu reynslu sinni með fundargestum

um hvernig þau stæðu að því að fá sérfræðinga til starfa og þeirri miklu áskorunum sem það væri í dag.

Fundargestir voru almennt sammála um mikilvægi þess að deila með sér reynslu þrátt fyrir að oft væri verið að slást um sérfræðingana. Það væri sam-eiginlegt langtímaverkefni að fjölga í hópnum þannig að meiri þekking væri til skiptanna. Ýmis skammtímaverkefni þarf nauðsynlega að vinna að samhliða enda ljóst að án fleiri hæfileikaríkra sérfræðinga verður enginn vöxtur í þessum greinum.

Um 25 manns mætti á fundinn og sköpuðust miklar og góðar umræður um hvaða áherslur fyrirtækin þurfa að leggja til að betur gangi að fá sérfræðinga bæði innlenda og erlenda til starfa í hugverka- og tæknigeiranum til að störfin flytjist ekki úr landi.

Snókur verktakar ehf. með D-vottun

Snókur verktakar ehf. var stofnað 1. maí 2006 af Einari P. Harðarsyni og sonum hans, Hrafn Einarssyni og Kristmundi Einarssyni. Starfsemi fyrirtækisins er að Höfðaseli 1, Akranesi. Grunnur fyrirtækisins nær aftur nokkra áratugi, en Einar Pétur hefur alla tíð verið verktaki á sviði vélaverktöku. Snókur verktakar ehf. var stofnað þegar synir Einars ákváðu að koma af fullum þunga inn í reksturinn. Þar starfa í dag átta manns. Fyrirtækið er þjónustufyrirtæki á vélaverktakasviði, en hefur á að skípa góðum tækjafloða sem leigður er út með vélamönnum. Fyrirtækið er jafnframt í jarðverktakastarfsemi ásamt því að reka sandblástursklefa og eigið verkstæði.



CIRSA Corporation tekur í notkun leikja- og hugbúnaðarlausn Betware

Spænska leikjafyrirtækið CIRSA Corporation tilkynnti í júní að fyrirtækið væri búð að taka í notkun leikja- og hugbúnaðarlausn íslenska hugbúnaðarfyrirtækisins Betware fyrir Internet og snjallsímavefi fyrirtækisins á Spáni. Sonia Carabante, framkvæmdastjóri netleikja hjá CIRSA segist fullviss um að framúrskarandi samsetning leikjalausna frá hugbúnaðarframleiðendum auki á velgengi fyrirtækisins á sviði Internet leikjalausna. "Betware hefur gegnt lykilhluverki við að samhæfa allar bestu leikjalausnirnar sem við viljum bjóða viðskiptavinum okkar."

Cirsa er með höfuðstöðvar á Spáni. Fyrirtækið er leiðandi á heimsvísu í leikjaiðnaði og taldir vera fremstir á sínu sviði á Spáni. Cirsa rekur 33 hefðbundna spilasali, 81 rafræna spilasali, 32.930 spilakassa, 88 bingósali og 200 íþróttaleikjasali á Spáni, Ítalíu og Mið- og Suður Ameríku.

Hjá Betware starfa ríflega 100 starfsmenn. Höfuðstöðvar Betware eru á Íslandi, auk þess sem fyrirtækið er með skrifstofur í Danmörku, Spáni, Serbíu og Kanada.




Dust 514 valinn besti leikurinn

CCP var þátttakandi á stærstu leikjaráðstefnu í heimi, The Electronic Entertainment Expo, oftast kölluð E3, sem fór fram í Los Angeles í byrjun júní. Ráðstefnuna sótti mikill fjöldi blaðamanna og starfsmanna í tölvuleikjaiðnaðinum, auk kaupenda og dreifingaraðila á sviði tölvuleikja.

CCP lagði mikla áherslu á að kynna tvær nýjungar á ráðstefnunni, skotleikinn DUST 514 og nýjustu viðbótina við EVE Online, Inferno.

Leikjavefsíðan IGN sem er sú stærsta sinnar tegundar í heiminum, valdi DUST 514 sem einn af bestu leikjum ráðstefnunnar. Þannig raðar DUST 514 sér á stall með leikjum á borð við Call of Duty - Black Ops 2, Crysis 3 og Halo 4. PlayStation Official Magazine valdi einnig DUST 514 sem einn af tíu efnilegustu og gróðavænlegustu leikjum ráðstefnunnar.



Nýr formaður SSP

Stjórn Samtaka sprotafyrirtækja boðaði til aukaaðalfundar til að kjósa sér nýjan formann þar sem Svana Helen Björnsdóttir sem gegnt hefur formennsku í SSP var kosinn formaður SI á síðasta aðalfundi Samtakanna. Fyrir fundinum lá einnig að kjósa fulltrúa í stjórn til næsta aðalfundar í stað Gunnlaugs Hjartarsonar hjá IceConsult sem nýverið flutti til Noregs til að fylgja eftir stórum samningi fyrirtækisins við norska ríkið.

Sigmar Guðbjörnsson framkvæmdastjóri í Stjórn-Odda var einróma kosinn nýr formaður SSP, en Svana Helen var einróma kosin í stjórnina í stað Gunnlaugs fram til næsta aðalfundar.

Á fundinum var einnig farið yfir stöðu helstu áherslurvefna SSP og hugverkagreina innan SI. Sigmar sagði nýtt hlutverk spennandi og hann væri bjartsýnn á framtíðina. Hann sagðist vilja virkja sem flesta til að vinna að verkefnum SSP og hugverkagreina.

Nýr formaður SHI

Jón Valgeirsson, framkvæmdastjóri þróunareiningar Actavis á Íslandi var kosinn nýr formaður Samtaka heilbrigðisíðnaðarins á aðalfundi 14. júní og tekur við af Perlu Björk Egilsdóttur sem gegnt hefur formennsku í félaginu frá stofnun. Stjórnin var öll endurkjörin, en í henni eiga sæti auk formanns; Perla Björk Egilsdóttir, SagaMedica ehf., Sveinbjörn Höskuldsson, Nox Medical ehf., Árni Þór Árnason, Oxymap ehf. og Garðar Þorvarðsson, Kvikna ehf. Í varastjórn eru Börkur Arnviðarson, ARCTIC Sequentia ehf. og Magnús Oddsson hjá Össuri hf. en Hákon Sigurhansson hjá EMR efh. starfar einnig með stjórninni. Samtök heilbrigðisíðnaðarins – SHI voru stofnuð 14. janúar 2011 sem starfsgreinahópur innan Samtaka íðnaðarins um málefni fyrirtækja sem tengjast þjónustu og nýsköpun í heilbrigðiskerfinu á einn eða annan hátt. Markmiðið SHI er að vinna að hagsmuna- og stefnumálum fyrirtækja á heilbrigðisviði og taka virkan þátt í að móta stefnu markvissrar þróunar heilbrigðisíðnaðar á Íslandi.



Íslenskur jafnlaunastaðall byggður á grunni ISO stjórnunarstaðla

Íslenski jafnlaunastaðallinn er brautryðjendastarf í jafnréttismálum sem á sér ekki fordæmi, en við samningu hans var fyrirmynd sótt í alþjóðlega staðla s.s. ISO-9000 og ISO-14000. Með notkun staðalsins er fyrirtækjum auðveldað að koma á og viðhalda launajafnrétti kynja og geta þau fengið vottun þar um, ef þau svo kjósa. Þetta kom m.a. fram á opnum kynningarfundum á Grand Hótel Reykjavík 19. júní. Jóhanna Sigurðardóttir, forsætisráðherra flutti opunarávarp, ásamt Gylfa Arnbjörnssyni, forseta ASÍ og Hannesi G. Sigurðssyni, aðstoðarframkvæmdastjóra SA. Jóhanna sagðist vonast til að staðallinn yrði endanlega samþykktur í desember á þessu ári



þannig að fyrirtæki og stofnanir gætu byrjað innleiðingu um næstu áramót.

Í erindi sínu sagði Hannes „Kröfur staðalsins skipta mörgum tugum og það hefur verið fulltrúum SA leiðarljós í

þessu starfi að gera hann eins einfaldan og skýran og mögulegt er þannig að hann fengi jákvæðar viðtökur hjá fyrirtækjunum. Ávinningur fyrirtækis af notkun jafnlaunastaðalsins verður alltaf óbeinn en getur jafnframt orðið verulegur. Ávinningurinn getur falist í faglegri mannauðsstjórnun og þar með ánægðara og áhugasamara starfsfólki. Hann getur einnig falist í bættri ímynd fyrirtækis í augum viðskiptavina vegna áherslna á samfélagsábyrgð og góða stjórnarhætti. Jákvæð ímynd er fyrirtækjum dýrmæt eign og fjárfesting í aðferðum jafnlaunastaðalsins ætti að falla saman við heildarmarkmið framsækinnna fyrirtækja“. Hannes sagði að það yrði þó ekki fram hjá því lítið að fyrirtæki sem hyggst hlíta honum mun þurfa að kosta til talsverðum fjármunum sem ekki munu skila beinum, mælanlegum ávinningi. Helsti kostnaðurinn liggur í skjölun og innleiðingu verklagsreglna“. Fyrirtæki og stofnanir sem byggt hafa upp stjórnkerfi samkvæmt ISO-9000 eða ISO-14000 ættu þó að geta verið fljót að laga sig að verklagi og kröfum staðalsins.

Guðbjartur Hannesson, velferðaráðherra svaraði fyrirsögn um sal varðandi hvort stjórnvöld hyggðust mælast til þess að stofnanir á þeirra vegum innleiddu staðalinn. Hann sagði að svarið við spurningunni vara afdráttarlaust „já“. Guðbjartur þakkaði í lokaræðu sinni á kynningarfundinum þeim stóra hópi fólks sem tekið hefði þátt í vinnu við gerð staðalsins og sagði að vel væri fylgst með þessari vinnu í því erlenda tengslaneti sem hann ætti aðild að.

Kynning og umsagnarferli staðalsins framundan

Umræddur staðall sem fengið hefur númerið IST-85 fer nú í opið umsagnarferli fram í september, en í framhaldi af því mun tækninefndin sem unnið hefur að gerð staðalsins vinna úr athugasemdum með það að markmiði að ljúka gerð hans sem fyrst eftir að umsagnarferlinu líkur.



Upplýsingabrunnurinn Framleiðsla var kynntur á HönnunarMars og vakti talsverða athygli en þangað verður hægt að sækja upplýsingar um þekkingu og færni fagmanna og framleiðslugetu fyrirtækja.

Hugmyndin: Fyrirtæki framleiða úr efni með ákveðinni aðferð. Þessi þrjú orð lýsa best kjarna hugmyndafræðinni að baki upplýsingabrunninum. Safnað er á einn stað upplýsingum til þess að auðvelda stefnumót viðskipta, framleiðslu og nýrra hugmynda. Á þann hátt er ýtt undir yfirfærslu reynslu og hugmynda milli greina.

Frumkvöðlarnir: Guðrún Lilja Gunnlaugsdóttir og Ólafur Ómarsson eru frumkvöðlar að verkefningu. Guðrún er lærður húsgagnasmiður frá Iðnskólanum í Reykjavík og lauk síðan námi í iðnhönnun við Eindhoven Design Academy í Hollandi. Hún rekur hönnunarfyrirtækið Studiobility ásamt Jóni Ásgeiri Hreinssyni. Ólafur er vöruhönnuður frá Listaháskóla Íslands og lauk meistaranámi í viðmótsönnun frá Danmörku. Aðspurð segir Guðrún Lilja hugmyndina ekki vera nýja af nálinni. „Á hugarflugsfundi um sjálfbærni sem verkfræði- og raunvísindasvið Háskóla Íslands stóð að með Hugmyndaráðuneytinu í febrúar 2009 kom til dæmis fram að svona upplýsingabrunn vantar. Ég ákvað að grípa boltann á lofti ásamt Ólafi. Við horfum líka til þess að búa til gagnlegt kennslutæki í skólum þar sem kennendur hönnun, efnisnotkun, smíði og framleiðsla af öllu tagi“ segir Guðrún.

Fyrirtæki - efni - aðferð: Kapp er lagt á að hönnun vefsetursins og aðgengi að gögnum sé eins einfalt og skilvirkt og hægt er. Kjarninn er leitarvél og á grunni hennar er skapað einfalt flæði milli framleiðslu, efnis og tækni. Grunnupplýsingar eru um fyrirtækin, efnin og eiginleika þeirra, tækni og möguleika hennar. Með þessu móti er hægt að sjá á einum stað hver getur gert hvað og úr hverju. Gert er ráð fyrir að helstu notendur verði hönnuðir, þróunarstjórar, fyrirtæki í iðnaði, skapandi greinar, skólar, þekkingarsetur og allur almennigur.“

Staða og næstu skref: Búið er að smíða grunninn, hanna öll ferli og virkni með forritara. Rannsóknur er lokið og verið er að hanna skráningarferli, útbúa leitarvél og fleira. Forritun er hins vegar ekki lokið og fyrirséð að hún muni kosta talsvert. Verkefnið framundan er því að afla fjár til að ljúka henni og fylla brunninn nægilega af upplýsingum en þegar hafa nokkrir tugir fyrirtækja skráð sig.

Frekari upplýsingar: Mörg fyrirtæki innan SI ættu að sjá hag sinn í því að skrá sig, bæði vegna beinna eigin hagsmuna, en ekki síður vegna þess almenna hagnýta gildis sem fullur brunnur af þekkingu, færni og framleiðslu, hefur fyrir menntun og framþróun í atvinnulífinu. Nánari upplýsingar um gagnabrunninn og kynningarmyndband er að finna á www.framleidsla.is og hjá þeim Guðrúnu Lilju og Ólafi Ómarssyni gl@bility.is og oo@bility.is - eða info@framleidsla.is

Samstarfssamningur handsalaður



Mentor og DataMarket skrifuðu undir samstarfssamning í júní. Fyrirtækin þróa saman einingu sem verður kynnt sem hluti af InfoMentor kerfinu í fimm löndum.

Sveitarfélögum og skólustjórnendum verður gert mögulegt að fylgjast betur með frammistöðu í sínum skólum með það að markmiði að vinna að umbótum í skólastarfi. Kennarar fá í hendur nýja

einingu sem er hluti af InfoMentor kerfinu til að vinna markvisst að auknum árangri nemenda. Síðast en ekki síst er þarna um að ræða verulega byltingu í aðgengi og framsetningu upplýsinga fyrir nemendur og foreldra að frammistöðu og framvindu í skóla.

„Það er spennandi að leiða saman þá þekkingu og reynslu sem við í Mentor höfum í hönnun og þróun á upplýsingakerfi fyrir skóla og sérþekkingu DataMarket á framsetningu og úrvinnslu upplýsinga“ segir Vilborg Einarsdóttir, framkvæmdastjóri Mentors.

„Samstarfið við Mentor opnar nýjar leiðir og nýja markaði fyrir okkur hjá DataMarket. Það er gríðarlega áhugavert að vinna með Mentor að því að auka árangur í skólastarfi bæði hér heima og í Evrópu“ segir Agnar Jón Ágústsson hjá DataMarket.

Akureyrarbær, Garðabær og Menntamálaráðuneytið eru samstarfsaðilar að verkefninu á Íslandi sem er styrkt af Tækniþróunarsjóði.

Einingin styrkir InfoMentor til muna og er mikilvægt skref í átt að framtíðarsýn Mentors sem er að verða í fararbroddi á sviði upplýsingakerfa fyrir skólasamfélagið í Evrópu með áherslu á einstaklingsmiðun og gæðastjórnun.

IÐAN fræðslusetur hlýtur gæðavottun EQM

Fyrirtækið British Standard International veitti IÐUNNI gæðavottun sem staðfestir að fræðsluframboð IÐUNNAR standist evrópskar kröfur. Vottunin er gerð í samræmi við kröfur mennta- og menningarmálaráðuneytis til fræðsluaðila sem hyggjast bjóða vottaðar námsleiðir.

EQM (European Quality Mark) er gegnsætt matsferli þar sem fræðsluaðilar fá tækifæri til að meta eigin starfshætti út frá viðurkenndum gæðaviðmiðum. Með því að meta starfsemi IÐUNNAR hefur því verið staðfest að IÐAN notar skilvirkar aðferðir til að tryggja gæði þjónustunnar, styður við fræðslu og nám með markvissum hætti og beitir góðum stjórnunarháttum við þróun og úrbætur.

EQM er því verkfæri til að innleiða gæðastjórnun í starfseminni með þátttöku allra hagsmunaaðila.



Ingibjörg Elsa Guðmundsdóttir forstöðumaður Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins veitir Hildi Elínu Vignis framkvæmdastjóra IÐUNNAR vottun EQM með formlegum hætti 21. júní

Nýir félagsmenn SI

Lumenox ehf.
Skipasundi 58
104 Reykjavík

BM Vallá ehf.
Bíldshöfða 7
110 Reykjavík

Risk Medical Solutions
Lækjargötu 12
101 Reykjavík